



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 27. október 2006

Tilvísun: UST20061000081/sf

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Breytingar á framkvæmdum í Svartsengi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 10. október sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdalýsing

Hitaveita Suðurnesja hefur uppi áform um að fullnýta háhitaholur í Svartsengi og nýta orkuna betur en nú er gert, þannig að grunnafl orkuversins aukist um allt að 30 MW. Framkvæmdir tengdar þeim áformum eru bygging nýs orkuvers og kæliturns ásamt endurnýjun safnæðar og tengingu vinnsluholu við orkuverið. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 6. maí 2005 um að þessar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar frekari hönnunar á fyrirhuguðum framkvæmdum sé ljóst að breyta þurfi lítillaga staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns, ásamt því að leggja nýjan veg innan svæðisins.

Byggingarreitir

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða óverulegar breytingar á byggingarreitum fyrir orkuver 6 og kæliturn, sbr. mynd 3 og 4 í tilkynningu. Umhverfisstofnun telur ekki að breytt staðsetning orkuvers og kæliturns hafi í för með sér meiri umhverfisáhrif en upphafleg staðsetning, enda innan athafnasvæðis Hitaveitu Suðurnesja og á svæðum sem nú þegar er búið að raska.

Nýr vegur

Ný veglína liggur frá malarvegi, yfir og meðfram setlóni sem fyrir er á svæðinu og inn að orkuveri 6. Áætluð efnispörf er u.þ.b. 1200 m³ og verður allt burðarefni í veginn unnið úr grunni stöðvarhúss og kæliturns.

Áhrif veglagningarinnar á náttúruferfelast einkum í raski á eldhrauni sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila raskast hraun á um 190 m kafla vegna veglagningarinnar, þar af um 90 m á hrauni sem nú er undir vatni með miklu magni uppleystra efna. Gróður á þeim hluta hraunsins sem ekki er undir vatni er aðallega mosi, grös og smárunnar. Ekki er vitað til þess að sjaldgæfar eða friðlýstar tegundir á svæðis- eða landsvísu vaxi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.


Í tilkynningu segir að framkvæmdaraðili muni draga eins og kostur er úr raski á eldhrauni, m.a. með því að draga úr skeringum og fyllingum. Einnig segir að framkvæmdaraðili muni draga eins og kostur er úr raski á gróðri, en ekki kemur nánar fram hvernig það verður gert. Afmörkuð hafa verið svæði í hrauninu sem hlífa skal við raski, sbr. mynd 4 sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 26. október.


Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til umfangs vegaf framkvæmdarinnar ekki líkur á að hún valdi umtalsverðum áhrifum á jarðmyndanir eða gróður. Vegurinn liggur að hluta til um óhreyft hraunsvæði á milli athafnasvæða Hitaveitu Suðurnesja og Bláa lónsins. Vegstæðið liggur í jaðri óraskaðs svæðis, sem næst þeim svæðum sem þegar hefur verið raskað og ekki er um að ræða langan vegkafla. Umhverfisstofnun telur þó að tryggja verði með einhverjum hætti að þau hraunsvæði sem vernda á fyrir raski haldist öröskuð meðan á framkvæmdum stendur, t.d. með því að þau verði afmörkuð eða afgirt sérstaklega á vettvangi.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs og staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdum í Svartsengi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Sigríós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður